


# MIÐBORGAR PÓSTURINN

FRITT EINTAK!

Nr. 33  
Ágúst 2016 - 11. árg.



— Gakktu í bæinn! —

Menningarnótt  
20.08.2016

[WWW.MENNINGARNOTT.IS](http://WWW.MENNINGARNOTT.IS)

DAGSKRÁ  
MENNINGARNÆTUR!



## Sálmafoss í Hallgrímskirkju

Frá kl. 15:00 – 21:00 á Menningarnótt

**G**læsilegir einsöngvarar, fjölbreyttir kórar, Klaisorgelið í allri sinni dýrð, tölvustýrt orgel, nýjir sálmar, almennur söngur, kaffihús með ilmandi vöfflum og kaffi úr antikbollum!

Sálmafoss hefur verið haldinn árlega í Hallgrímskirkju á Menningarnótt frá árinu 2007 og er þetta því 10. sinn sem Menningarnótt er fagnað með þessu sniði í kirkjunni. Á annan tug þúsunda gesta koma í kirkjuna þennan dag og hrfast með í söng og stemningunni sem þar ríkir.

Að þessu sinni koma fram einsöngvararnir Hallveig Rúnarsdóttir sópran, sem syngur með Steingrími Þórhallssyni organista Neskirku, Óskar Pétursson tenór frá Akureyri syngur með Jónasi Þóri organista Bústaðakirkju, sem leikur einnig af fingrum fram yfir sálma og þjóðlög, Thelma Hrönn Sigurþórsdóttir sópran, Kirstín Erna Blöndal sópran, Fjóla Kristín Nikulásdóttir sópran og Lilja Dögg Gunnarsdóttir alt syngja einsöng við undirleik Björns Steinars Sólbergssonar organista við Hallgrímskirkju, en þær eru meðlimir í kammerkórnum Schola cantorum, sem flytur fjölbreytta efnið við opnun Sálmafossins kl. 15. Kammerkór Seltjarnarneskirkju undir stjórn Friðriks Vignis Stefánssonar verður gestur Sálmafoss ásamt trompetleikaranum Atla Guðlaugssyni og pikkoloflautuleikaranum Sigríði Hjörðis Indriðadóttur. Hljómfélagið, nýstofnaður blandaður kór með ungu fólki syngur undir stjórn Fjólu Kristínar Nikulásdóttur og ung raftónskáld undir handleiðslu

Áka Ásgeirssonar, Guðmundar Vignis Karlssonar og Gunnars Andreasar Kristinssonar leika sér með tölvubúnað Klaisorgelsins og láta tölvur leika á orgelið! Organistarnir Björn Steinar, Friðrik Vignir og Steingrímur leika einnig einleik á stóra Klaisorgelið, þ.s. hinar 5275 pípur orgelsins fá að njóta sín í fjölbreyttum verkum. Þá fá allir gestir tækifæri til að syngja fullum hálsi með stóra Klais orgelinu undir stjórn Margrétar Bóasdóttur verkefnastjóra tónlistar á Biskupsstofu.

**ÓKEYPIS AÐGANGUR!**

Antik- kaffihús til styrktar Listvinafélaginu verður í suðursal kirkjunnar þennan dag, þ.s. kaffið er borið fram í fallegum antikbollum og ilmandi vöfflum og fleira góðgæti gleður góða gesti sem taka sér hlé frá dagskránni í kirkjunni.

**Sjá nánar listvinafelag.is**

15.00 Sálmasöngur - allir syngja með – Schola cantorum, kammerkór Hallgrímskirkju leiðir sálmasöng.

15.15 Schola cantorum flytur kirkjutónlist frá ýmsum tímum m.a. verk sem prýða nýjan geisladisk þeirra "Meditatio". Einsöngvarar úr kórnum syngja einsöng, Thelma Hrönn Sigurþórsdóttir sópran ( Ave María e. Sigvalda Kaldalóns og fl.), Kirstín Erna Blöndal sópran, Fjóla Kristín Nikulásdóttir sópran (Pie Jesu úr Faure Requiem) og Lilja Dögg Gunnarsdóttir alt (Magnificat e. Hreiðar Inga). Björn Steinar Sólbergsson leikur undir á Klaisorgel Hallgrímskirkju



16.00 Sálmasöngur - allir syngja með – Kammerkór Seltjarnarneskirkju leiðir sönginn undir stjórn Friðriks Vignis Stefánssonar

16.15 Einsöngvarar og Kammerkór Seltjarnarneskirkju syngja fjölbreytta efnið undir stjórn Friðriks Vignis Stefánssonar, sem einnig leikur á Klaisorgelið. Atli Guðlaugsson leikur á trompet og Sigríður Hjörðis Indriðadóttir á piccoloflautu.

17.00 Sálmasöngur - allir syngja með – undir stjórn Steingríms Þórhallssonar.

17.15 Hallveig Rúnarsdóttir sópran syngur með Steingrími Þórhallssyni, sem einnig leikur á Klaisorgelið

18.00 Sálmasöngur - allir syngja með – Hljómfélagið, blandaður kór undir stjórn Fjólu Kristínar Nikulásdóttur leiðir sönginn

18.10 Hljómfélagið flytur sálma og veraldleg lög. Stjórnandi: Fjóla Kristín Nikulásdóttur. Björn Steinar Sólbergsson, organisti við Hallgrímskirkju flytur fjölbreytta orgeltónlist á Klaisorgel Hallgrímskirkju. Einsöngur og orgelspuni - Óskar Pétursson tenór frá Akureyri ásamt Jónasi Þóri organista Bústaðakirkju, sem einnig leikur af fingrum fram á Klaisorgelið yfir sálma og þjóðlög

19.45 Björn Steinar Sólbergsson, organisti við Hallgrímskirkju

20.00 Rafmagnaður Klais! Raftónskáld flytja nýstárlega tónlist, þ.s. tölvur leika á orgelið! Umsjón hafa Áki Ásgeirsson, Guðmundur Vignir Karlsson og Gunnar Andreas Kristinsson.

Kynnar eru sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir prestur Hallgrímskirkju og Inga Rós Ingólfssdóttir framkvæmdastjóri Listvinafélags Hallgrímskirkju.

Margrét Bóasdóttir verkefnastjóri kirkjutónlistar á Biskupsstofu stýrir almennum söng og kennir nýja sálma. Björn Steinar Sólbergsson, organisti við Hallgrímskirkju, leikur undir almennan söng.

**ÓKEYPIS AÐGANGUR!**

Kaffihús til styrktar Listvinafélaginu verður opið í suðursalnum frá kl. 14, þ.s. ilmandi vöfflum og finar tertur verða á boðstólnum og kaffi drukkið úr hinum rómuðu antikbollum Listvinafélagsins.

Sjá nánar á heimasíðu Listvinafélagsins [www.listvinafelag.is](http://www.listvinafelag.is) Þakkir frá: Landsbankinn, Reykjavíkurborg, Tónlistarsjóður Menntamálaráðuneytisins, Hallgrímskirkja, Litróf, Hafsteinn Sv. Hafsteinnsson, Amgerður María Árnadóttir, Hörður Áskelsson og allir aðstandendur og flytjendur á Sálmafossi.

## Toppaðu gott kvöld með Tapasbarnum

**T**apasbarinn hefur verið einn vinsælasti veitingastaður Reykjavíkur frá opnun árið 2000, enda hafa þar jafnan verið á boðstólnum spennandi réttir, bormir fram í sönnun tapasanda.

Ástæður vinsældanna má meðal annars rekja til þess að stemming á staðnum er í algerum

sérflokk og að sérstök áhersla hefur verið lögð á að nota einungis besta og ferskasta hráefnið sem hægt er að fá hverju sinni.

Á Tapasbarnum getur þú smakkað fjölda gómsæta tapasréttar, saltfisk, paellu, humar, lunda og svo miklu miklu fleira.

Lamb í lakkrissósu og beikonvafinn hörpuskel með dökulum er eitthvað sem allir verða að smakka, og að ógleymdum hvítlauksbökuðum humarhöllum sem eru algert sælgæti!

Gallerí salurinn á Tapasbarnum hentar frábærlega fyrir hópa, stóra sem smáa.

Fyrir þá sem eru seinna á ferðinni er gott að vita að

Tapasbarinn er eini veitingastaðurinn í Reykjavík sem er með opið eldhús til kl. 01:00 um helgar og 23:30 virka daga og því alveg tilvalið að kíkja við eftir bíó eða tónleika í síðbúin kvöldverð.



**Lifandi tónlist á Menningarnótt!**

Á Menningarnótt verður gómsætt grill fyrir utan Tapasbarinn og hljómsveitin Azucar spilar sjóðheita salsa og latin tóna kl. 17 – 18.30.

Það eru um að gera að kíkja við á röltinu og fá suðræna stemningu í kroppinn.

Útgefandi: Hugmyndahúsið ehf.  
Ritstjóri: Eiríkur Einarsson  
Umbrót: Grafiker ehf. Prentun: Landsprent  
Sími: 699 77 64  
Auglýsingar: midborgin@gmail.com



## KÍKTU VIÐ Á MENNINGARNÓTT!

Hljómsveitin Azucar, með söngkonuna Margréti Rán í broddi fylkingar, spilar sjóðheita og suðræna tóna fyrir utan Tapasbarinn kl. 17–18.30 á Menningarnótt.

TAPASBARINN – SJÓÐHEITUR Í 16 ÁR



RESTAURANT-BAR  
Vesturgötu 3B | 101 Reykjavík  
Sími 551 2344 | [www.tapas.is](http://www.tapas.is)



## Mættu á Menningarnótt í Mojito

Mátaðu Mojito og fáðu eitt par

með **20% afslætti**

gildir 18.-20. ágúst.



Minum á vefverslun Fjallakofans [www.fjallakofinn.is](http://www.fjallakofinn.is)



Kringlan 7 | Laugavegur 11 | Reykjavíkuregurvegur 64 | S: 510 9505 | [fjallakofinn.is](http://fjallakofinn.is)

# Dagskrá

# Menningarnætur

# 2016

## Austurbærim

**11:00-12:30**

### Morgunvöflur

Til að fagna upphafi Menningarnætur bjóðum við snemmbúnum gestum upp á Morgunvöflur og Kaffi. Að sjálfsgöðu verður góðgætið borið fram á listaverkum. Diskum og bollum handgerðum af okkur níu keramikurum sem rekum gallerið.

*Kaolin Keramik Galleri, Skólavörðustígur 22, 101, Reykjavík*

**11:00-22:00**

### „Fegursta blóm jarðar er brosið“

„Fegursta blóm jarðar er brosið“ - Henrik Wergeland.

Viltu blóm? Komdu þá í Kaolin Keramik Galleri á Skólavörðustig. Við blómarsímar níu sem rekum gallerið höfum búið til blóm handa þér. Eina sem við viljum fá í staðinn er brosið. Meðan blómin endast!

*Kaolin Keramik Galleri*

**11:00-19:00**

### Uppboð á netinu

Galleri Fold og Uppboð.is kynna þau vefuppböð sem nú standa yfir á myndlist og skrautumunum. Vefuppböð á myndlist, grafíkverkum og skrautumunum standa yfir á vefnum Uppboð.is. Listaverkin og skrautumunirnir verða til sýnis á sérstakri sýningu í Galleri Fold.

*Rauðarárstígur 14, 105, Reykjavík*

**11:00-19:00**

### Eigðu eða leigðu

Galleri Fold kynnr vaxtalausa kaupleigu á listaverkum. Auðveld og vinsæl leið til að eignast listaverk. Þú velur verkið og getur fengið það leigt í allt að 36 mánuði. Að leigutímanum loknu átt þú verkið.

*Rauðarárstígur 14, 105, Reykjavík*

**11:00-19:00**

### Ratleikur fyrir börn og fulloröna

Leikurinn felst í að finna listaverk sem sýnd eru í galleríinu. Við hvert þeirra er lítil frásögn og í henni bókstafur sem er hluti af orði sem gestir eiga að finna út. Dregið er úr réttum lausnum og heppinn þátttakandi fær listaverkabók í verðlaun.

*Galleri Fold*

**11:00-13:00**

### Listamaður að störfum - Soffía Sæmundsdóttir

Soffía Sæmundsdóttir vinnur að verkum sínum og spjallar við gesti. “Ég lit á málverk mín sem litlar sögur eða augnablik. Ferðalangarnir sem tilheyra

þessum myndheimi sé ég sem einskonar sögupersónur sem geta farið það sem þeir vilja og tilheyra óráðri sögu á einhverjum tíma. Ég heillast af trúnu sem efnivið og finnst það opna óendanlega möguleika og undirstrika tímaleyssið sem ég sækist eftir. «Segir Soffía um málverkin sín.

*Galleri Fold*

**11:00-15:00**

### Odee Street Drop

Listaverkum eftir Odee er komið fyrir í miðborginni og þeir sem finna þau mega eiga þau.

Þeir sem koma með verkin í Galleri Fold fyrir kl. 15 geta fengið þau árituð af listamanninum. Vísbandingar verða gefnar á Facebook síðu gallerisins.

*Galleri Fold*

**11:00-19:00**

### Ókeypis barnamyndataka

Galleri Fold býður upp á ókeypis barnamyndatöku í samstarfi við Photographer.is. Innrammarinn sér um að prenta myndirnar á staðnum. Myndirnar eru prentaðar á hágæða ljósmyndapappír frá PermaJet með Canon prentara og LUCIA PRO blekkerfi sem gefur sérstaklega þéttan og djúpan svartan lit sem hentar vel til útprentunar á svart hvítum ljósmyndum. Skráning á staðnum er nauðsynleg og takmörkuð pláss eru í boði.

*Galleri Fold*

**11:00-19:00**

### Safnarinn

Safnarinn – leiðin til að eignast listaverk á auðveldan hátt. Safnarinn kynnr starfsemi sína og þau listaverk sem eru til úthlutunar í ár. Safnarinn er frábær leið til að eignast eiguegla myndlist. Þú leggur inn 1.000 kr. eða meira mánaðarlega í safnarásjóðinn og færð í staðinn eigueglt listaverk sem er að minnsta kosti virði þess sem lagt hefur verið inn á tímabilinu.

*Galleri Fold*

**11:00-19:00**

### Ljósmyndasamkeppni

Taktu mynd í eða við Galleri Fold þar sem uppáhaldsverkið þitt kemur við sögu. Sendu myndina á Instagram og merktu hana með #gallerifold. Veitt verða verðlaun fyrir listraenustu myndina, fyndnustu myndina og bestu myndina.

*Galleri Fold*

**12:00-13:00**

### Til fyrirmyndar - listasmíðja

Hvað veitir okkur innblástur til að búa til listaverk? Leiðsögn og listsamíðja fyrir alla fjölskylduna. Viðburðurinn kallast á við

tvær sýningar á Kjarvalsstöðum, „Jóhannes S. Kjarval: Hugur og heimur“ og „Kjarvalar“ Stefáns Jónssonar. Fyrirmyndir Kjarvals eru landslag og náttúra en fyrirmyndir höggmynda Stefáns eru málverk Kjarvals - hvað skyldi verða okkur til fyrirmyndar að þessu sinni? Kl. 12:00 og 14:00.

*Listasafn Reykjavíkur - Kjarvalsstaðir, Flókagata 24, 105, Reykjavík*

**13:00-14:00**

### Guðný í Kaolin

Guðný Magnúsdóttir keramikur sýnir gestum hvernig hún malar mynstur með leirlitum á verkin sín. Þannig leggur hún lokahönd á hið einstaka útlit þeirra áður en hún glerjar þau og brennir . Guðný útskrifaðist úr keramikdeild Myndlista og Handiðaskóla Íslands. Hún nam og starfaði í leirlist í Helsinki og hefur tekið þátt í fjölda samsýninga um víða veröld og þó nokkuð mörgum einkasýningum hér á landi og erlendis. Guðný var rekrtraraðili að Galleri Langbrók, Meistarara Jakob og rak um tíma eigið gallerí, Galleri Úmbru og er nú með vinnustofu með sama nafni í Kópavogi. Guðný vinnur jöfnum höndum með handmótaðan steinleir og steypst postulín. Verk hennar bera merki sífelldrar leitar að hreyfingu og styrks í einföldum en leikrænum formum.

*Kaolin Keramik Galleri, Skólavörðustígur 22*

**13:00-17:00**

### Harmónikkan við gluggann

Fanney Magna Karlsdóttir eldrir ætlar að sitja í horninu sínu við gluggann og leika ljúfa tóna á harmóníku. Gestir eru hvattir til að bresta í söng ef andinn gripur þá. Tónarnir flæða um skúlptúrana, smjúga ofan í bollana, liðast um skálarnar og setjast á diskana meðan Fanney Magna spilar blíðlega á nikkuna.

*Kaolin Keramik Galleri, Skólavörðustígur 22*

**13:30-14:30**

### Katrín í Kaolin

Katrín V. Karlsdóttir keramikur sýnir hvernig hún rennir Hugleiðslubollana sína og útskýrir hugmyndina að baki þeirra. Hún er ein þeirra níu kvenna sem reka Kaolin Keramik Galleri. Katrín lærði keramik í Listaháskóla Íslands eftir að hafa náð nokkrum þroska í aldri og rekur nú vinnustofuna sína í Kópavogi sem hún nefnir KvalkaKeramik. Áður hafði hún útskrifast úr Kennaraháskóla Íslands sem smíðakennari og kenndi meðal annars útskurð í mörg ár. Það má glöggst sjá áhrif frá þeim tíma í verkum hennar. En verkin bera einnig merki tilraunastarfsemi og nýungagirni þar sem eitt tekur við af öðru og Katrín tekur því fagnandi þegar eitthvað óvænt gerist í sköpunarferlinu því þá verða nýjar hugmyndir til. Hvert verk Katrínar er einstakt, formað í höndunum og búið til með alúð og ánægju.

*Kaolin Keramik Galleri, Skólavörðustígur 22*

**13:30-18:00**

### Kaffiboð hjá Neytendasamtökunum

Leigjendaaðstoð NS fagnaði fimm ára afmæli nú í vor og verður því afmæliskaka í boði. Í tilefni dagsins gefur ECC á Íslandi ýmiss konar varning, t.d. strandbolta, svíðiska, endurskinsmerki, innkaupapoka og fleira skemmtilegt. Þá býðst gestum að fá Neytendablaðið gefins, en í blaðinu má finna ýmsan fróðleik og reynslusögur. Þá verður í gangi sérstakt „neytendabíó“ þar sem sýnd verða sköndin og fræðandi myndbrot um neytendamál. Gestum gefst einnig tækifæri til að kynna sér sögu samtakanna en til sýnis verður ýmiss konar fræðsluefni um starfsemi og sögu samtakanna. Síðast en ekki síst verður starfsfólk NS, Leigjendaaðstoðarinnar og ECC á staðnum til skrafs og ráðagerða. Skrifstofa NS er staðsett rétt við Hlemm og því tilvalið að kíkja við í leiðinni í eða úr bænum. Allir velkomnir!

*Hverfisgata 105, 101, Reykjavík*

**14:00-15:00**

### Embla í Kaolin

Embla Sigurgeirsdóttir sýnir og segir frá mótun postulíns skartgripa sinna. Hún er keramikhönnuður og útskrifaðist 2014 með BA(Hons) í Contemporary Applied Art frá the University of Cumbria í Englandi eftir að hafa lokið tveggja ára keramiknámi hér heima frá Myndlistarskólanum í Reykjavík. Hún er með vinnustofu í Íshúsi Hafnarjarðar þar sem áður var starfrækt frystihús en hýsir nú vinnustofur hönnuða og listamanna. Embla rennur verk sín í postulín og sækir innblástur sinn í ættland sitt, landslag þess og margbrotið samspil lita og litbrigða sem veður og birta töfra fram. Rákimar í verkum hennar vísa í mótun náttúruafllanna á dölum og fjallahlíðum og glerungar hennar endurspeglar svöl litbrigði náttúrunnar.

*Kaolin Keramik Galleri, Skólavörðustígur 22*

**14:00-16:00**

### Tyrknesk sveifla og tyrkneskt kaffi

Tyrknesk-íslenska menningarfélagið ætlar að gleðjast saman, fagna fjölbreytileikanum og lífinu á Menningarnótt. Tónlistarskemmtun með lifandi tyrkneskri þjóðlagatónlist (Ásgeir Ásgeirsson og Cağlar Cetin spila). Boðið verður upp á tyrkneskt kaffi og gotteri fyrir gesti og gangandi.

*Laugarvegur 42, fyrir utan Meze Restaurant*

**14:00-16:00**

### Forsetakosningar í Bandaríkjunum – Opíð hús hjá Sendiráði Bandaríkjanna.

Sendiráð Bandaríkjanna býður þig velkominn/velkomna til opins húss á Menningarnótt þar sem hægt verður að fræðast um forsetakosningar í



*Gakktu í bæinn!*

# Menningarnótt

# 20.08.2016

menningarnott.is





## Gamla höfnin

**11:00-22:00**

**BLPLST**

Gagnvirk pop-up verk og hljóðinnsetning þar sem ánægjan sem fæst út úr því að sprengrja bóluplast er skoðuð. Þessi viðburður, sem snýst um skynjun, mun reyna á þörf okkar til að snerta, og hljóð og birting vrskins mun spila þar inn í. Viðburðurinn / sýningin mun fara fram á menningarnótt í gámi við gömlu höfnina í Reykjavík, sem hluti af Travelling Embassy of Rockall. Sýningin er eftir Ninu Knudsen sem er hönnuður og hugmyndasmiður og verður unnin í samvinnu við hljóðlistamanninn James Pearce.

Í gámi við gömlu höfnina í Reykjavík, Vesturbugt við Mýrargötu

**12:00-22:00**

**Askur Yggdrasils: Völundarhús**

Ef gengið er niður að Granda má þar finna undarlegt mannvirki úr við sem virðist rísa upp úr steinlagðri jörðinni, við hlíðina á ferðasendiráði Rockall. Einn fullorðinn (eða barn + fullorðinn) fær aðgang á 2ja mínútna fresti inn í völundarhús Asks Yggdrasils, þar sem má finna undarleg en heillandi rými, sem eru lauslega byggð á norrænni goðafræði. Uppákomur munu eiga sér stað og karakterar munu birtast í gegnum daginn, svo það er þess virði að taka sér tíma í að skoða (eða villast!) eða koma nokkrum sinnum. Völundarhúsið opnar á Menningarnótt, en stefnir á að vera opið fram í september, og mun þróast með tímanum. Völundarhúsið er hannað af íslensk / breska viðburða- og listahópnum Huldufugl, sem blandar saman leiklist og tækni til að skapa lífandi og gagnvirka viðburði. - huldufugl.is

Mýrargata, Vesturbugt, Grandi

**13:00 - 17:00**

**Menningarnótt - Manifesto**

- Lista- og handverksmenn sýna verkin sín á svæðinu og á sínum vinnustofum - Grýtan verður sýningarsalur! - Verið með! Við verðum með smíðjur á svæðinu þar sem þið getið látið reyna á hin ýmsu listform! - Markaður! Komid og kíkjó á listmarkaðinn okkar, hlustið á rólega tóna og fáið ykkur kaffisopa! Frá kl. 17:00 - 23:00 - Lífandi tónlist! Verið hjá okkur í Grýtunni fram á

kvöld og njótið lífandi tónlistar þar sem það er eitthvað fyrir alla! - Innsetningar! Við setjum upp innsetningar og fleiri viðburði í samstarfi við alþjóðlega listamenn sem verða á svæðinu! - Það verður boðið upp á ýmis atriði, meira en tónlist. Endilega komið og njótið t.d. ljóðalesturs á milli klikkaðra tónleika!

Grýta - Keilugrandi 1

**Lífandi tónlist og bryggjuball!**

Lífandi tónlist, bryggjuball, ljúfar veitingar og frábært útsýni yfir flugeldasýninguna á kaffihúsinu Víkinni á Menningarnótt! 12.00-12.30 Yfa Marín 16.00-16.30 Alan Thomas Jones 18.00-18.30 Heiðrik 19.00-19.30 Silkkettimír 22.00-23.00 Bryggjuball!

Víkin kaffihús á Sjóminjasafninu

**KÍTÓN stórtónleikar á Bryggjunni Brugghúsi**

KÍTÓN stórtónleikar á Menningarnótt KÍTÓN, Konur í tónlist, stendur fyrir tónleikum á Menningarnótt á Bryggjunni Brugghús. Eingöngu íslenskar tónlistarkonur munu stíga á svið og sýna þverskurðinn af starfi íslenskra tónlistarkvenna í dag. Viðburðurinn hefst með miðdegisverði í hádeginu á Bryggjunni, og tónleikar hefjast svo stuttu seinna, eða kl. 14.00, og standa fram eftir kvöldi.

Bryggjan Brugghús, Grandagarður 8, 101, Reykjavík

**12:30 - 22:30**

**Verbúðalíf - menning og minning**

Fjölmarginir Íslendingar kynntust verbúðalífi og verbúðaflakki um og upp úr miðri síðustu öld. Peningalyktin barst úr sjávarplássunum og þangað streymdi unga fólkið, laust og liðugt, í von um skjótan gróða. Sumir sáu í fiskvinnslunni tækifæri til að afla á sumarvertíðinni nægilegs fjár til skólans næsta vetur, en aðrir praukuðu lengur og unnu jafnt sumarvertíðir sem vetrarvertíðir og færðu sig jafnvel milli plássa, frá Eyjum á Eskifjörð og frá Grindavík á Suðureyri. Allt í senn í von um meiri vinnu, meiri pening og meira fjör. Á sýningunni er verbúðalífi þessa tíma gerð skil með myndum og texta og með hálf tíma langri kvikmynd og jafnlöngum útvarpsþætti sem verða endurtekin á hálf tíma fresti á heila og hálfá tímanum.

Hús sjávarklasans, Grandagarður 16, 101, Reykjavík

**12:30 - 14:30**

**Opið hús í Ljósmyndaskólanum á Menningarnótt. Stúdíómyndataka kl.14 og 16**

Gestum er boðið að koma og kynnast skólanum og starfsemi hans og ýmsum möguleikum skapandi ljósmyndunar frá kl. 13.00-20.00. Fjölmargin getur í boði í húsnæði skólans þennan dag. Hægt verður að fylgjast með vinnu í myrkraherbergi og myndatöku í stúdíói, að taka myndir af sér og sínum í “Photo Booth” og fá þær prentaðar út gegn vægu gjaldi. Nemendur og starfsfólk aðstoða við það. Einnig verður sett upp ljósmyndasýning í til kynningar á nýju veggalleríi á vegum skólans. Þar verður hægt að kaupa ljósmyndaverk af ýmsum stærðum og gerðum eftir kennara og nemendur skólans. Ýmis verk verða til sölu á staðnum og listamannspjall. Nemendur og starfsfólk skólans eru á vappi, spjalla við gesti og svara fyrirspurnum. Allir eru velkomnir. Kl. 14 og 16 geta gestir fylgst með stúdíómyndatöku.

Hólmaslóð 6, 101, Reykjavík

**13.00-20.00**

**Opið hús í Ljósmyndaskólanum á Menningarnótt**

Hægt verður að fylgjast með vinnu í myrkraherbergi og myndatöku í stúdíói, að taka myndir af sér og sínum í “Photo Booth” og fá þær prentaðar út gegn vægu gjaldi. Nemendur og starfsfólk aðstoða við það. Einnig verður sett upp ljósmyndasýning í til kynningar á veggalleríi sem selur ljósmyndaverk eftir kennara og nemendur skólans. Ýmis verk verða til sölu á staðnum. Einnig verður boðið upp á listamannspjall. Nemendur og starfsfólk skólans eru á vappi, spjalla við gesti og svara fyrirspurnum. Dagskrá: 14.00 Hægt að fylgjast með myndatöku í stúdíói. 15.00 Hægt að fylgjast með filmustækkun og annarri vinnu í myrkraherbergi. 16.00 Hægt að fylgjast með myndatöku í stúdíói. 17.00 Hægt að fylgjast með filmustækkun og annarri vinnu í myrkraherbergi. 18.00 Listamannspjall.

Hólmaslóð 6, 101 Reykjavík

**Öldur/Waves - Hulda Hlín**

Málverkasýning Huldu Hlínar. Verkin á sýningu Huldu Hlínar á Sjóminjasafninu einkennast af flæði, öldugangi og hreyfingu - rétt eins og hið víðfeðma haf. Sökktu þér sjónrænt í saltan mar og upplíðu málverkin. Hulda Hlín lærði málaraalist í Listaakademíu Ítalíu í Flórens, Feneýjum, Bologna og Róm og útskrifaðist þaðan með hæstu einkunn og

láði. Hún ólst upp í París, Kaupamannahöfn og Reykjavík. Hulda Hlín hefur haldið einka- og samsýningar hérlandis og erlendis. www.huldahlin.com. Opið frá kl. 10 - 22 á Menningarnótt. Hulda Hlín áritar listaverkaprent kl. 17 á Sjóminjasafni. Sýningin stendur til 31. ágúst. www.huldahlin.com

Sjóminjasafnið, Grandagarður 8, 101, Reykjavík

**Safari - fjölskylduleiðsögn**

Leiðangur um listasafn þar sem alls konar dýr, plöntur og furður náttúrunnar verða á vegi okkar. Leiðsögn og könnunarleiðangur fyrir alla fjölskylduna í tengslum við sýninguna „RÍKI - flóra, fána, fabúla“ í Hafnarhúsinu. Á sýningunni eru ótal spennandi verk eftir ólíka listamenn sem hafa fundið innblástur í lífríkinu. Við setjum okkur í þeirra spor og höldum af stað í safari! Kl. 13:00 og 15:00.

Listasafn Reykjavíkur - Hafnarhús, Tryggvagata 17, 101, Reykjavík

**Síbreytileg**

Hönnuðurmír Steinunn Sigurðardóttir og Laufey Jónsdóttir verða með dáleiðandi innsetningu utandyra á Grandagarði 17. Í gegnum tíðina hefur verbúð nr. 17 skotið skjóli yfir margskonar sjávertengdan iðnað m.a. netasmiðju. En í dag hýsir hún verslun og vinnustofa fatamerkisins STEINUNN. Innsetningin sækir innblástur sinn í sögu verbúðarinnar, veðrið og hafið sem umlykur svæðið. Frekari upplýsingar um hönnuði má finna á vefsíðum þeirra, www.steinunn.com og www.laufeyj.com.

STEINUNN, Grandagarður 17, 101, Reykjavík

**13:00-15:00**

**Bátasmiðja**

Starfsfólk Sjóminjasafnins setur upp flotta bátasmiðju á pallinum við vesturhlíð hússins. Allir velkomnir að setja saman sinn eigin bát en allt hráefni verður til staðar og aðeins þarf að leyfa sköpunarkraftinum að blómstra! Börn eru á ábyrgð forráðarmanna en starfsfólk safnsins verður þeim innan handar. Við mælum einnig með heimsókn inn á safnið og um borð í varðskipið Öðinn.

Sjóminjasafnið í Reykjavík

## Sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu bjóða

# frítt í strætó

## á höfuðborgarsvæðinu á Menningarnótt

# Taktu strætó laugardaginn 20. ágúst

## Akstur hefst upp úr kl. 7:30

## Gestir Menningarnætur eru hvattir til að skilja bílinn eftir heima eða við stærri bílastæði utan miðbæjarins og nýta sér ókeypis ferðir með Strætó. Strætó mun aka frá Kirkjusandi í gegnum Borgartún og stoppar á Skólavörðuholti. Því geta ökumenn lagt bílum sínum í stæðum á þessari leið og tekið strætó. Afar skynsamlegt er að leggja bílnum þar sem eru stór og rúmgóð stæði, svo sem við skóla, stóra vinnustaði eða íþróttamannvirki.

### Lokaðar götur og breyttar akstursleiðir

Á Menningarnótt verður miðbærinn lokaður fyrir umferð og því verður akstursleiðum Strætó breytt. Strætó mun aka allan daginn og um kvöldið að og frá Hlemmi og BSÍ. Allir strætisvagnar sem aka venjulega um miðbæinn munu stöðva framan við BSÍ, á Gömlu Hringbrautinni.

### Leiðakerfi

**höfuðborgarsvæðisins óvirkt eftir kl. 22:30**

Hefóbundið leiðakerfi Strætó verður gert óvirkt kl. 22:30 á Menningarnótt. Þá verður öll áhersla lögð á að flytja gesti heim úr miðbænum og verða allir strætisvagnar settir í það verkefni. Síðustu ferðir verða eknar frá BSÍ og Hlemmi að lokinni flugeldasýningu kl. 01:00.

### Nánari upplýsingar um akstur Strætó á Menningarnótt færðu á strætó.is

Þar eru t.d. kort, afstöðumyndir sem sýna hvar vögnum verður lagt og eftir hvaða akstursleiðum Strætó ekur úr miðbænum.

*Allt árið erum við að fá mikið úrval af fallegum gjafavörum.*

*Einnig mikið úrval af íslensku handverkti.*

*Litla Jólabúðin*

Laugavegi 8 - Sími 552 2412



13:00-15:30

**MINDFUCKNESS leikhúsjóga**

MINDFUCKNESS leikhúsjóga skoðar ferðalag nútíundar frá Indlandi til Vesturlanda. Úr hringiú Menningarmætur hverfa gestir inn í heim Indlands og nútíundar. Eða hvað? Hrefna Lind Lárusdóttir, sviðslistakona og jógakennari, leiðir tímann og tónlistarmaðurinn Futuregrapher spilar undir. Leikhúsjógað fer fram í Sólum jóga- og heilsusetri, að Fiskislóð 53-55, þann 20. ágúst kl. 13 og kl. 15:30. Skráning á [www.solir.is](http://www.solir.is). Leikhúsjógað er í senn jógatími, skoðunarferð um jógalífstílinn og sviðsflutningur. Höfundur og flytjandi: Hrefna Lind Lárusdóttir Listrænn framleiðandi og sviðssetning: Hallfríður Þóra Tryggvadóttir Sviðssetning: Bergdís Júlía Jóhannsdóttir Tónlist: Árni Grétar (Futuregrapher) Búningar og sviðsmynd: Hallveig Kristín Eiríksdóttir

Sólir, Fiskislóð 53, 101, Reykjavík

13:30-16:30

**Ungversk upplifun fyrir alla fjölskylduna**

Frá 13:30-16:30 - hinar ýmsu vinnustofur fyrir börn og fjölskyldur þeirra. Ungverskar föndur smíðjur með m.a. ull, leður, efni, pappír ofl. Allt efni og aðstoð er í boði á staðnum. Skemmtileg upplifun fyrir alla fjölskylduna

Harpa, Austurbakki 2, 101, Reykjavík

**Sendiráð Rockall**

Sendiráð Rockall hefur nú í sumar haldið úti opnum smíðjum og staðið fyrir röð viðburða í aðsetri sínu við gömlu höfnina. Þar veltum við fyrir okkur hvernig mætti byggja og þróa samfélag ef við hefðum tækifæri til þess að skipuleggja það frá grunni. Hvernig væru byggingarnar og íbúðargerðir? Hvernig væri stjórkerfið? Hvers konar orkugjafa myndum við nýta? Hvað myndum við gera við ruslið okkar? Væri eitthvað til sem hétu rusl? Á Menningarnótt býður Sendiráð Rockall ungunum sem öldnum að þróa, hanna og formgera hugmyndir fyrir samfélag morgundagsins. Í smíðjunum vinnum við með fjölbreyttan efnivið sem fallið hefur frá fyrirtækum í nágrenninu og nýtum okkur þar með þá fjarsjóði sem oft geta leynst í nærumhverfi okkar. Smíðurnar eru opnar frá kl. 14 - 20.

Við gömlu höfnina (á milli Sjómínjasafnsins og hótél Marína), Á horni Hlésgötu og Rastargötu, 101, Reykjavík

**Sagnaflóð: upplestur og tónleikar í Bókabúð Forlagsins**

Bókabúð Forlagsins stendur fyrir viðburðinum Sagnaflóð milli kl. 14-17 á Menningarnótt þar sem tónlist og upplestrum verður tvinnuð saman. Þar munu stíga á stökk framsækin ungskáld sem vakið hafa athygli með útgáfum hjá jaðarforlögunum Tunglinu og Partus Press. Áhersla verður lögð á ljóð, smásögur og örsögur. Upplesarar verða Ragnar Helgi Ólafsson, Björk Þorgrímsdóttir, Björn Halldórsson og Sigurbjörg Friðriksdóttir. Milli upplestra leika hjómveitimar Boogie Trouble og Teitur Magnússon fyrir gesti sem hafa eins vakið athygli fyrir smella og kjarnyta íslenska texta. Teitur Magnússon hefur undanfarnin ár spilað sig inn í hjórtu landsmanna með þjóðlagaskotnu poppi sínu og diskósveitin Boogie Trouble hefur verið iðinn við að koma ólíklegustu rössum á dansgölfid.

Bókabúð Forlagsins, Fiskislóð 39

14:00-21:00

**BLEK / sýning / Úlfar Örn**

Sýning á blekteikningum eftir myndlistarmanninn Úlfar Örn. Úlfar lærði grafíska hönnun og myndskreytingar í Reykjavík og Stokkhólm. Hann hefur unnið við auglýsingagerð og myndskreytingar í áratugi en samhliða því alltaf unnið að list sinni, teiknað og málað. Úlfar hefur sérstaklega þjálfað teiknifærni sína og telur hana undirstöðu alls í vinnu sinni. Hann hefur lagt áherslu á móteltikningu, sérstaklega kvenlíkamann og hreyfingu. Á sýningu Úlfars að þessu sinni eru teikningar sem unnar eru í flæði með bleki og pensli. Myndinar eru unnar á Munken Pure pappír. Ólöf Arnalds og Skúli Sverrisson mæta kl. 18 og flytja nokkur lög.

Úlfar Örn vinnustofa / atelier - Vesturgata 53, 101 Reykjavík

14:00-18:00

**For-opnun Kumiko Teahouse**

Hæ Reykjavík! Vertu velkomin á for-opnun á Kumiko Tehúsínu við Grandagarð þar sem boðið verður upp á Japanskt te og sælgæti. Fyrsta Tehús Íslands opnar í október. Við erum að leggja lokahönd á húsnæðið og viljum bjóða gestum að koma og laumast inn og prófa Japanskt svart og grænt te, sesam ostaköku með urlu og smakka okkar gómsæta Matcha súkkulaði. Mata ne!

Kumiko Teahouse, Grandagarður 101, 101 Reykjavík

14:15-14:45

**Eldheitir tangóar og Elektra Ensemble**

Elektra Ensemble er glæsilegur tónlistarhópur skipaður fimm ungunum framúrskarandi tónlistarkonum. Hópurinn var útféndur Tónlistarhópur Reykjavíkurborgar 2009 og gekk í kjölfarið til samstarfs við Listasafn Reykjavíkur um tónleikaröð á Kjarvalsstöðum. Helsta verkefni Elektra Ensemble hefur verið tónleikaröð á Kjarvalsstöðum frá 2009 – 2015 sem hlaut mikið lof gesta jafnt sem gagnrýnenda auk þess sem RÚV hefur margsinis hljóðritað leik þeirra. Meðlimir hópsins eru Ástríður Alda Sigurðardóttir pianóleikari, Emilía Rós Sigfúsdóttir flautuleikari, Helga Björg Arnardóttir klarínnettuleikari, Helga Þóra Björgvinsdóttir fiðluleikari og Margrét Árnadóttir sellóleikari.

Norðurljós, Hörpu, Austurbakka 2, 101 Reykjavík

14:30-16:00

**Sigmenn við ljóshjúp Hörpu**

Í Hörpu starfa sigmenn sem hanga mikið. Það er þó skiljanlegt því þetta eru mennirnir sem sjá um alla þá vinnu sem er í glerhjúp eða lofti Hörpu. Þeir þurfa því að klifra alla leið upp á topp til þess að komast á skrifstofuna sína, hvort sem það er innandyra eða utandyra. Á Menningarnótt ætla þeir að sýna gestum og gangandi listir sínar úr háloftum Hörpu. Horfið upp og njótið.

Hörpuhorn, Austurbakki 2, 101, Reykjavík

15:00- 16:00

**Ljóðað við Slippinn**

Kaffislippur og Bókmenntaborgin Reykjavík taka höndum saman á Menningarnótt og bjóða upp á fjörua orðlistaveislu við gömlu höfnina með sjö ungunum skáldum. Hispursmeyerjar alls kyns flytja og slamma ljóð en í forsvari fyrir hópinn er ljóðskáldið og rapparinn Vígdís Ósk Howser Harðardóttir. Auk hennar koma fram þau Ágústa Björnsdóttir, María Thelma Smáradóttir, Kristófer Páll Viðarsson, Ólöf Rún Benediktsdóttir, Solveig Pálsdóttir, Stefanía Pálsdóttir og Tinna Sverrisdóttir. Skáldin munu rappa, slamma og lesa ljóð en öll leggja þau áherslu á lifandi flutning.

Kaffislippur, Icelandair Hotel Reykjavík Marina, Mýrargata 14, 101, Reykjavík

15:00-22:00

**Texasblús-hátíð á Grandagarði í kringum Menningarnótt**

